



MÁLÞROSKI – SAMEIGINLEG ÁBYRGÐ
UPPLÝSINGAR FYRIR FORELDRA BARNNA Á ALDRINUM 3 - 6 ÁRA



A photograph of three young children, two boys and one girl, gathered around a table. They are looking at a tablet computer that is placed inside a bright green protective case. The child in the center, a girl with blonde hair wearing a red shirt, is pointing at the screen with her right index finger. The boy on the left, wearing a dark blue and white striped shirt, is leaning forward, looking intently at the tablet. The boy on the right, wearing a blue and black striped shirt, is also looking at the screen. The background is slightly blurred, showing what appears to be a window or a bright area. The text is overlaid in the center of the image.

**ÞÚ HEFUR SEM FORELDRI MEST ÁHRIF Á MÁLÞROSKA OG
MÁLSKILNING BARNINS ÞÍNS**

Vissir þú

- að leikskólabörn tala mest um það sem gerist hér og nú? Þau tala líka um hluti sem hafa gerst og eiga eftir að gerast.
- að orðaforði barna eykst mjög hratt á aldrinum 3-6 ára?
- að börn sem heyra mörg orð læra mörg orð?
- að það er samhengi á milli fjölda orða sem barn á aldrinum 2-3 ára þekkir og lesskilnings þess þegar það er 16 ára?
- að ung börn leika sér og gera tilraunir með að skrifa og lesa? Þær tilraunir hafa mikla þýðingu fyrir lesskilning þeirra síðar meir og færni þeirra til að skrifa.





TALAÐU VIÐ BARNIÐ ÞITT

Þú ert mikilvægasta manneskjan í lífi barnsins þíns og hefur afgerandi þýðingu fyrir málþroska þess og málskilning.

Frjótt móðurmál er mikilvægt fyrir barnið þitt. Þess vegna skaltu tala við barnið á því tungumáli sem þér er tamast.

Þegar þú talar við barnið þitt og gerið eitthvað með því ertu um leið að styðja við mál og þroska þess.

Í samtalinu öðlast barnið reynslu af að nota málið.

Í samtali þínu við barnið gefst tækifæri til að endurtaka sömu orðin og hugtökin.

Málþroski og málskilningur barnsins vex einnig í leik með öðrum börnum, t.d. í leikskólanum.

Talaðu við barnið þitt um það sem þið hafið gert saman eða það sem stendur til að þið gerið saman.

Fáðu barnið til að aðstoða þig við verkin, t.d. við að þrifa, búa til mat, þvo bílinn og kaupa inn og talaðu við það á meðan um það sem þið eruð að gera.

Horfðu á sjónvarpið með barninu þínu og talaðu við það um það sem þið eruð að horfa á.

Þú og barnið þitt skuluð skiptast á að tala og hlusta svo barnið þitt læri samræðu.

Gefðu barninu tíma í samtalinu og hvettu það áfram – það styrkir sjálfsmynd og fær barnið til að tala meira og tjá sig.

Málskilningur og orðaforði barnsins eykst þegar þú notar fjölbreyttan orðaforða og bætir við setningar þess.

Barnið þitt segir: „Sjáðu hundinn“.
Þú svarar: „Já, þetta er sætur smáhundur.
Sjáðu hann dillar skottinu“.

Viðurkenndu mál barnsins og sýndu áhuga á að skilja það. Ekki leiðréttu málfar eða framburð - endurtaktu þess í stað setninguna á réttu máli. Það styrkir sjálfsmynd barnsins og gerir það málglæðara.

Barnið þitt segir: „Við keyruðum í bílnum“.
Þú svarar: „Já, við keyrðum í bílnum
til ömmu í gær“.



SEGÐU FRÁ, LESTU OG SKOÐAÐU BÆKUR

Samverustundir með góðri bók leggja grunn að lestrar-námi barnsins þíns og hafa þannig mikla þýðingu fyrir málproska þess og lestrarfærni.

Barnið nýtur þess að láta lesa fyrir sig og býr að þeirri reynslu þegar það lærir að skrifa.

Með því að lesa upphátt fyrir barnið gefur þú því orðaforða og setningar að vinna með.

Gerðu hlé á lestrinum og ræddu við barnið um söguna.

Ræddu við barnið um myndirnar í bókinni. Barnið kemur kannski auga á eitthvað sem þú sérð ekki.

Spurðu barnið hvort það vilji „lesa“ uppáhaldsbókina sína fyrir þig. Oft kann barnið söguna utan að og getur romsað henni upp úr sér.

Farið saman í orðaleiðangur, t.d. í auglýsingabæklinga, teiknisögur, tímarit eða tölvuleiki.

Segðu barninu þínu sögur og fáðu barnið til að segja þér sögur.

SKRIFLEIKIR

Leikur með bókstafi og ritun leggur grunn að ritmálinu og veitir barninu innsýn í hvernig það getur tjáð sig í töluðu máli.


Barnið hermir eftir þér þegar þú skrifar, t.d. með því að draga upp hringi og krúsíðúllur, tákn eða bókstafi.

Fáðu barnið til að segja þér hvað það var að skrifa.

Hafðu barnið með þegar þú skrifar, t.d. innkaupalista, póstkort, skilaboð eða tölvupóst.

Leyfðu barninu að skrifa á sínum forsendum án þess að leiðrétta það eða finna að skriftinni. Það kveikir frekar löngun, gleði og áhuga á að halda áfram að skrifa.

Leiktu með barninu að bókstöfum og tölustöfum, t.d. með seglastöfum á ísskápnum og stafakubbum.





Leikur með málið - málið í leiknum

Leiktu með tungumálið í samræðu við barnið þitt. Það kveikir forvitni barnsins og áhuga á málinu.

Alltaf má fara í skemmtilega orðaleiki hvar og hvenær sem er. Þeir geta staðið yfir í nokkrar mínútur eða marga daga ef barnið er áhugasamt.

Búið saman til bullorð og bullsögur.

Leiktu með hljóð, orð, rím og kvæði.

Syngdu og leiktu á hljóðfæri með barninu. Það gleður barnið, styrkir tilfinningu þess fyrir takti, hljómunum og tjáningu.

Leiktu með þegar barnið finnur rímorð og haltu keðjunni gangandi með að finna annað orð sem rímar.

Teldu tröppurnar með barninu, hjólin á götunum eða fólk sem gengur um með rauðar húfur.

Búðu til setningu með tveimur orðum sem ríma og biðdu barnið að finna rímorðin.

Lestu fyrir barnið gömul kvæði og þulur. Stoppaðu áður en kemur að rímorðinu og biðdu barnið um að klára ljóðlínuna.

Hvað eru margir hlutir í stofunni sem byrja á bókstafnum s eða b

Leiktu við barnið með andheiti, t.d. feitur/mjór, harður/mjúkur. Það er t.d. hægt að búa til minnisspil með spöldum af andstæðuorðum með myndum og bókstöfum.

Upplýsingar

Þú getur fengið frekari upplýsingar í leikskólanum.

Þú getur líka leitað þér upplýsinga og fróðleiks um hvernig styðja má við málþroska og málskilning barnsins á bókasafninu og á þessum vefsíðum:

www.heilsugaeslan.is/fraedsla/voxtur-og-throski/malorvun/

www.hti.is/index.php/is/vorur/baeklingar

www.lesvefurinn.is

www.leikuradordum.is

www.modurmal.com

www.pennavinir.is/lestur

www.hlusta.is

www.hljodbok.is

Krækjur

Þessi bæklingur hefur verið þýddur á íslensku, dönsku ensku, pósku, sómölsku, arabísku, tyrknesku, víetnömsku, kúrdísku, dari og og pashto.

Þýddu bæklingana finnur þú hér: www.aarhus.dk/pi

This brochure has been translated into English. The translation can be found on the following website: www.aarhus.dk/pi

Ta broszura jest przetlumaczona na jezyk polski. Przetlumaczony tekst znajduje sie na stronie internetowej: www.aarhus.dk/pi

Qoraalkan waxaa lagu turjumay af soomaali. Turjumidda waxaad ka heli kartaa boggaan: www.aarhus.dk/pi

Bu broşür Türkçe ye de çevrilmiştir. Çeviriyi aşağıdaki internet adresinde bulabilirsiniz: www.aarhus.dk/pi

Tập giấy mỏng này được chuyển dịch sang tiếng Việt. Bạn có thể đọc bản phiên dịch tại trang điện tử sau: www.aarhus.dk/pi

... هو متيزۆدي هي، هو مراوخ هل ىلأام ى مر هپال هل هك هنارئگر هو ،ىدروك ۆب هوارئگر هو هي كل ىم م هي

www.aarhus.dk/pi

. دېن كادېپ لېڭ س ردا مېدېن اوتېپامېش هك هېدېرگ هم جرتوتېش پو ىرد ن ابز مې امن هر هچباتك نېا

www.aarhus.dk/pi

: ىرک ادبې ىک هحفص ىرتوېپېمک ىدنال هپ هم جرت هغځ ىش ىالوک ىسات هچ . هد ىوش هم جرتوېژوتېن پوا ىرد هپ هچباتك ىتامول عم هغځ

www.aarhus.dk/pi

: ىلانتلا هحفص لانا ونع ىلع اهدجت تم جرتلا . ىيبرعلا هغځلا ىل م جرت بىتكل اذه

www.aarhus.dk/pi



Unnið í samstarfi við borgaryfirvöld í Árósum

Utgefið:
2014

©COPYRIGHT:
Pædagogisk Afdeling
Børn og Unge
Aarhus Kommune

Myndir úr safni
skóla- og frístundasviðs
Reykjavíkurborgar